

ir þrásetu hans á jörðinni eða aðfarir hans að öðru leyti. Málskostnaður virðist og eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður skal úr gildi felldur. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 13. maímánaðar.

Nr. 11/1895:

Rjettvisin

gegn

Sigfúsi Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði gegn ákærða Sigfúsi Jónssyni fyrir hluttekningu í þjófnæði; var það dæmt í aukarjetti Þingeyjarsýslu 27. ágústmán. f. á. með þeim úrslitum, að ákærði skyldi sæta 2 daga fangelsi við vatn og braud og greiða $\frac{1}{3}$ málskostnaðar, þar á meðal $\frac{1}{3}$ af 4 króna þóknun til hins skipaða verjanda.

Þessum dómi er að beiðni hins ákærða áfrýjað til landsyfirdómsins.

Málsatvik eru þessi: Snemma árs 1894 stal Eiríkur nokkur Kristjánsson, er átti heima í Pistilfirði, buxum austur á Vopnafirði, er hann var á ferð þar. Geymdi hann buxurnar þangað til í aprilmánuði s. á., en þá fjekk hann ákærða, Sigfús Jónsson, sem átti ferð fyrir höndum austur í Vopnafjörð, til þess að taka buxurnar með sjer

og koma þeim á einhvern þann stað, að þær fyndust af eiganda eða hans fólki, eða kæmust í hendur eiganda. Ákærði tók við buxunum, er hann vissi að voru Eiríki ótrjálsar, og er hann var kominn austur á Vopnafjörð, lagði hann þær um kveldtíma á sporbraut skammt frá vörugeymsluhúsi í kaupstaðnum, þar er honum þótti líklegt að heimilisfólk eigandans mundi finna þær, enda komust buxurnar til skila.

Þessi verknaður ákærða á ekki undir 230. sbr. 56. gr. almennra hegningarlaga, eins og hjeradsdómarinn hefur álitid, og með því hann heldur ekki er saknæmur eptir neinum öðrum greinum hegningarlaganna, ber að sýkna ákærða af ákæru sóknarans í þessu máli og málskostnaður á að greiðast af almanna fje, þar með talinn $\frac{1}{3}$ varnarlauna í hjeradi og málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. — Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Sigfús Jónsson, á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli og málskostnaður, þar með talin þóknun til verjanda í hjeradi $\frac{1}{3}$ af 4 kr. og málfutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, Eggerts málaflutningsmanns Briem og cand. juris. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almanna fje.